



Fundargerð fræðslunefndar

Fimmtudaginn 14. júní 2012, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:00 á Námsstofunni að Einbúastíg 2.

Á fundinn voru mætt: Birna Sveinsdóttir, Aðalheiður Árnadóttir, Baldur Magnússon, Péturína L. Jakobsdóttir, Signý Richter, Elín Rafnsdóttir, Hildur Ingólfsdóttir, Erna Hreinsdóttir Björk Sveinsdóttir og Magnús B. Jónsson

Birna Sveinsdóttir formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá fundarins:

1. Skóladagatal
2. Frístundaver fyrir 1. – 4. Bekk
3. Ráðningar
4. Kennslustundakvóti
5. Önnur mál.

1. Skóladagatal

Fyrir fundinum lá skóladagatal sem Hildur skólastjóri fór yfir og greindi frá helstu viðburðum og öðru sem hefur áhrif á skólastarfið og þar með skóladagalið.

Samkvæmt skóladagatalinu verða kennsludagar á skólaárinu 180 skv. Því sem tilskilið er í kjarasamningi en þess utan verða starfsdagar kennara 8.

Fræðslunefnd ræddi skóladagatalið og gerði á því eina breytingu en samþykkti það síðan.

2. Frístundaver fyrir 1. – 4. Bekk

Skólastjóri gerði grein fyrir því að óskir hafi borist um að setja upp frístundaver fyrir 1.-4. bekk. Skoðað hafi verið hvernig aðrir skólar eru að framkvæma sambærilega þjónustu og ljóst sé að það er mjög mismunandi.

Gerð hafi verið könnun meðal foreldra sem eiga skólabörn á þessum aldri og í ljós hafi komið að áhugi sé fyrir að a.m.k. 11 börn geti nýtt sér frístundaver.

Hún óskaði því heimildar fræðslunefndar til að ráða í 30% stöðugildi stuðningsfulltrúa.



Fræðslunefnd samþykkti fyrir sitt leyti að umrætt þjónustuboð verði sett upp í skólanum og ráðið í hlutastarf til þess.

3. Ráðningar

Skólastjóri greindi frá þeim breytingum sem fyrirséð er að verða á kennurum og leiðbeinendum við skólann. Fram kom að eftirtaldir kennarar munu hverfa frá störfum:

- Ólafur Bernódusson
- Hafdís Skúladóttir
- Atli Hjartarson
- Elva Dröfn Árnadóttir sótti um launalaust leyfi í eitt ár

Auk þess sóttist Trostan Agnarsson ekki eftir áframhaldandi starfi sem aðstoðarskólastjóri.

Umsóknir sem bárust í kennarastöður voru 15 bæði einstaklingar með kennaramenntun og leiðbeinendur.

Ráðnir hafa verið:

- Ásdís Ýr Arnadóttir unglíngastig 70%,
- Sonja Dröfn Helgadóttir yngsta stig 100%
- Anna Lára Hansen miðstig 100%
- Halla Karen Gunnarsdóttir miðstig 100%
- Sigurður Gísli Guðjónsson aðstoðarskólastjóri 100%
- Guðrún Elsa Helgadóttir yngsta stig 70%
- Þorgerður Þóra Hlynisdóttir með smíðakennslu 50%.
- Auk þess kemur Helga Aradóttir úr námsleyfi og tekur á ný við sérkennslumálum.

Skólastjóri greindi frá því að ekki hafi verið gengið frá 50% starfshlutfalli. Fræðslunefnd ræddi framangreindar ráðningar og fékk skýringar skólastjóra á þeim en gerði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu sem lá fyrir fundinum.

Skólastjóri lagði fram ósk um heimild til ráðningar á þremur stuðningsfulltrúum í 50-75% stöðuhlutföllum skv. greinargerð með skýringum sem lá fyrir fundinum auk þess 30% stöðuhlutfalls sem afgreitt var undir 2. dagskrárlið.

Fræðslunefnd ræddi fyrirbyggjandi ósk skólastjóra um ráðningu stuðningsfulltrúa og samþykkti þær fyrir sitt leyti.



4. Kennslustundakvóti

Skólastjóri kynnti mat sitt á þeim kennslustundakvóta sem þörf er á og sótti um sem nemur 330 kest. á viku fyrir skólaárið 2012 – 2013. Það er u.þ.b. 12 kest. aukning frá síðasta ári.

Fræðslunefnd ræddi kennslustundakvótann og samþykkti hann fyrir sitt leyti.

5. Önnur mál

Skólastjóri lagði fram og lagði fram og kynnti samantekt um þróun nemendafjölda frá 1998 og spá um fjölda til ársins 2017.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.40

Birna Sveinsdóttir,

Aðalheiður Árnadóttir,

Baldur Magnússon,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Signý Richter,

Elín Rafnsdóttir,

Hildur Ingólfssdóttir,

Erna Hreinsdóttir

Björk Sveinsdóttir

Magnús B. Jónsson